

## **Borgarráð 23. janúar 2025: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um veikindahlutfall starfsfólks Reykjavíkurborgar**

Vísað er til fundargerðar endurskoðunarnefndar dags. 16. desember 2024, þar sem lagt var fram svar mannauðs- og starfsumhverfissviðs Reykjavíkurborgar við fyrirspurn endurskoðunarnefndar um veikindahlutfall starfsfólks Reykjavíkurborgar á tímabilinu 2021-2024. Óskað er upplýsinga um áætlaðan kostnað Reykjavíkurborgar vegna veikinda starfsfólks, sundurliðað fyrir hvert ár tímabilið 2021-2024. Jafnframt er óskað upplýsinga um það með hvaða hætti er áætlað fyrir veikindum starfsfólks í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2025. Loks er óskað upplýsinga um það, með hvaða hætti Reykjavíkurborg hyggst bregðast við fyrirbyggjandi veikindahlutföllum sem eru töluvert yfir veikindahlutföllum hjá Kópavogsbæ og einkageiranum.